

112. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi miðvikudaginn 14. júní 2022. Fundur hófst kl. 17:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dórópea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir og Jóhann Már Kristinsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1. Aðalfundur 2022.** Aðalfundurinn sem boðaður var 9. júní var ólögmaður vegna ónógrar mætingar. Ársreikningur barst ekki frá endurskoðendum fyrr en þá um morguninn svo ekki var hægt að senda hann út fyrir fram. Ákveðið að boða annan aðalfund fimmtudaginn 30. júní kl. 14:00 og senda ársreikninginn og skýrslu stjórnar með til stofnfélaga.
- 2. Ársreikningur og skýrsla stjórnar 2021.** Umræða varð um bókfærða styrki og bókfærð laun. Formaður mun hafa samband við endurskoðanda og óska eftir að bætt verði inn skýringu tengda þessum tveimur liðum.
- 3. Yfirvinna framkvæmdastjóra í mars, apríl og maí.** Formaður tekur að sér að ganga frá greiðslu fyrir yfirvinnu Jóhanns.
- 4. Kaffihús.** Hólmfríður Guðrún Skúladóttir hefur rekið Kaffi Hófý s.l. 3 vikur og gengið mjög vel. Ekki verður framhald á því eftir 15. júní og enginn hefur brugðist við auglýsingu um að taka við. Ákveðið að fela framkvæmdarstjóra að leita eftir tveimur starfsmönnum í vinnu hjá Menningarfélaginu Bergi við rekstur kaffihúss o.fl. fram til 1. september.
- 5. Ráðning nýs framkvæmdastjóra.** Sigríður hjá Mögnum hefur skilað mati á umsækjendum. Umsækjendum er þakkaður áhugi þeirra á starfinu. Stjórn Menningarfélagsins Bergs ákveður að draga til baka auglýsinguna um starf framkvæmdastjóra og fellur frá yfirstandandi ferli. Menningarfélagið Berg ses óskar eftir viðræðum ið Dalvíkurbyggð um framtíðarfyrirkomulag á rekstri og skipulagi í Menningarhúsinu Bergi. Framtíðarmöguleikar ræddir og formanni falið að fylgja þeirri umræðu eftir.
- 6. Viðburðir framundan.** Jóhann fór í stórum dráttum yfir viðburði sem fram undan eru í húsinu. Ýmislegt áhugavert er á döfinni fyrir alla aldurshópa.

Fundi slitið kl 18:45.